

Hábrún hf.
Stekkjargötu 11
410 Hnífsdalur

Reykjavík, 21. desember 2022
UST202202-415/G.S.O.
08.12.02

Efni: Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 12. október 2022 þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávika er fram komu í eftirliti þann 8. september sl. Frestur var veittur til 3. nóvember sl. til að skila inn áætluninni.

Frávikin voru eftirfarandi:

1. **Gr. 4.2 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. **Fullnægjandi upplýsingar hafa borist stofnuninni en rekstraraðila er bent á að skila framvegis upplýsingum í samræmi við kröfur sem gerðar eru í starfsleyfi.**
2. **Gr. 4.3 í starfsleyfi.** Skila skal árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, um losun mengandi efna frá starfsstöðinni. **Fullnægjandi upplýsingar um losun mengandi efna hafa borist stofnuninni en rekstraraðila er bent á að skila framvegis upplýsingum á því formi sem krafist er í starfsleyfi.**

Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávikunum lokið. Aðstæður verða skoðaðar í næsta eftirliti

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur